

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 686/2005, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar "31. desember 2006" í 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. desember 2008.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað dagsetningarinnar "31. desember 2006" kemur: 31. desember 2008.

b. Í stað orðsins "EURO2" kemur: EUROIII.

3. gr.

Í stað orðsins "EURO2" í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: EUROIII.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í ákvæði X til bráðabirgða með lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. janúar 2007.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.